

34. fundur veitustjórnar haldinn mánudaginn 24. ágúst 2009 í Ráðhúsi Hrunamannahrepps og hófst hann kl. 16.00.

Fundinn sátu: Ragnar Magnússon, formaður, sem setti fund og stjórnaði honum. Einnig sátu fundinn Páll Jóhannsson, Gunnar Hallgrímsson, Ísólfur Gylfi Pálmason sveitarstjóri, Hannibal Kjartansson, veitustjóri og Helgi Kjartansson sem skráði fundargeð.

Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

- 1. Gjaldskrá um fráveitur og samþykkt fráveitu. Samþykkt um fráveitur og rotþrær í Hrunamannahreppi og gjaldskrá fráveitugjalda í Hrunamannahreppi, sem var samþykkt á fundi hreppsnefndar þann 12. Ágúst sl. lögð fram. Samþykktin og gjaldskráin hafa verið samþykkt af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands.**
- 2. Sunnuhlíð. Lagður er fram samningur við Byggð á Bríkum ehf um uppbyggingu í landi Sunnuhlíðar. Veitustjórn samþykkir samninginn fyrir sitt leyti**
- 3. Vatnsveita. Um verslunarmannahelgina kom upp vatnsskortur frá tanki á Langholtsfjalli sem orsakaðist af ofnotkun sumarhúsaeigenda í Ásatúnslandi. Svera þarf upp lögn frá Ásatúni að tanki en samningar hafa ekki tekist við landeigenda. Hugmynd um að setja hemla á götulagnir í Heiðarbyggð fyrir næsta sumar.**
- 4. Átaksveita. Veitustjóri fór yfir stöðuna á málum Átaksveitu varðandi verkið og fjármál. Búið er að senda lokareikning á alla kaupendur og flestir búnir að semja um greiðslur.**
- 5. Önnur mál. Innheimta gjalda, staða innheimtumála er almennt nokkuð góð.**

Fleira ekki tekið fyrir

Fundi slitið kl. 17:20